

Stykkishólmsbær
Kristín Þorleifsdóttir,
Hafnargötu
340 Stykkishólmur

Reykjavík, 17. nóvember 2023
UST202311-063/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 - 2024 og nýtt deiliskipulag - Vigrholt

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Stykkishólms er barst 8. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 - 2024 og nýju deiliskipulagi fyrir Vigrholt

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt aðalskipulagi er svæðið sem hér er til umfjöllunar frístundabyggð og landbúnaðarland sem mun verða eftir breytingu frístundabyggð, íbúðarbyggð og verslun- og þjónusta.

Auk þess segir að áætluð stærð deiliskipulagssvæðisins er 134,5 ha. og nafni svæðisins verður breytt úr Saurar 9 í Vigrholt við Vigráfjörð. Auk þess segir að gert ráð fyrir að þar muni rísa allt að 33 frístundahús, allt að 10 íbúðarhús og hótél með baðlóni, veitingahúsi og handverks brugghúsi. Einnig segir að hótélherbergin verða frístandandi smáhýsi á þjónustusvæði hótelsins. Tillagan gerir einnig ráð fyrir að heimilt verði að byggja gestahús á lóðum frístundahúsa og íbúðarhúsa. Hámarks byggingarmagn á deiliskipulagssvæðinu er áætlað 21.500 m².

Fuglalíf

Í greinargerð segir að innan skipulagsvæðisins er mikilvægt fuglasvæði. Umhverfisstofnun bendir á þó svo að tillagan gerir ráð fyrir að byggingar séu 50 m frá flæðarmáli, er nauðsynlegt að fjalla um fuglasvæðið og meta áhrif tillögunnar á fuglalíf, bæði á sjó og á landi. Auk þess þarf að fjalla um farleiðir fugla t.d. frá Sauravogi að Sauravatni ef við á.

Vatn

Í greinargerð segir að innan skipulagsvæðisins séu svæði svo sem leirur og fitjar sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á að Sauravatn nýtur einnig verndar samkvæmt ákvæðum laganna. Umhverfisstofnun bendir á þó svo að tillagan gerir ráð fyrir að byggingar séu 50 m frá vötum, er nauðsynlegt að fjalla um votlendin og meta áhrif tillögunnar á þau. Auk þess þarf að meta hver áhrif tillögunnar eru á vatn í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun.

Birkiskógur

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að innan skipulagssvæðisins vex birkiskógur. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Skilgreining á birkiskógi er að trén sem skógurinn samanstendur af sé að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta. Lægra birki flokkast sem birkikjarr.

(<https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknasvid/landupplýsingar>)

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Vistgerðir og fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóuþræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóuþræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillöggunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja eigi m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hvernig fráveitumálum verði háttað.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan fellur mögulega undir lið 12.04 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis, falli undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ríkey Kjartansdóttir

sérfræðingur